

AUGLÝSING

um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Deiliskipulag fyrir miðbæ Mosfellsbæjar, Bjarkarholt/Háholt.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að koma fyrir bílastæðum á milli lóðanna. Þessi bílastæði eru felld út.

Í stað fjögurra lóða sem fyrirhugaðar voru á svæðinu verða nú tvær lóðir. Lóðirnar sem standa við Bjarkarholt, ásamt lóð nr. 23 við Háholt, sameinast í eina lóð. Lóð nr. 17-21 verður áfram ein lóð. Lóðarmörk breytast og lóðir stækka jafnframt til suðurs.

Á nýrri lóð við Bjarkarholt eykst nýtingarhlutfall og fjöldi íbúða miðað við núverandi áætlanir. Nýtt skipulag gerir ráð fyrir 105 íbúðum í stað 52 íbúða sem gert er ráð fyrir samkvæmt núgildandi deiliskipulagi.

Á lóð nr. 17-21 við Háholt verður gert ráð fyrir íbúðum ásamt þeirri verslun og þjónustu sem fyrirhuguð er samkvæmt núgildandi áætlun. Í stað þriggja byggingarreita verður einn byggingarreitur á lóðinni með verslun og þjónustu á jarðhæð en íbúðum á 3-4 hæðum fyrir ofan.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 9. nóvember 2017,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2017